

Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
8. maí 2026



Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Hjallavegur 2, Hljómahöll, Reykjanesbær
sími 420-1400 Netfang: tonlistarskoli@tonrnb.is
vefslóð: tonrnb.is
Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá 9-17 og föstudaga frá 9-16

Vortónleikaröð

Framundan eru fjölmargir vortónleikar eins og venjulega og stendur hver deild eða kennarar fyrir tónleikum með nemendum sínum. Kennarar tilkynna sjálfir til nemenda/forráðamanna hvenær tónleikar verða en yfirlit yfir vortónleika skólans er hér á baksíðu Tónvísis og á tonrnb.is. Einnig veitir skrifstofan upplýsingar. Öll að sjálfsögðu velkomin á alla tónleika.

Endurnýjun umsókna fyrir næsta skólaár

Varðandi endurnýjun umsókna fyrir næsta skólaár, þá verður fyrirkomulagið þannig að þessu sinni að þeir sem ætla að hætta eða óska eftir breytingum, þurfa að senda tölvupóst á skólann um það tonlistarskoli@tonrnb.is ekki seinna en **föstudaginn 15. maí**. Aðrir nemendur færast yfir á skólaárið 2026-2027 án breytinga.

Nýjar umsóknir

Sótt skal um á vef skólans (tonrnb.is) undir hnappnum „Sækja um nám“. Það er alltaf opið fyrir nýjar umsóknir en ef nemandi vill eiga möguleika á því að komast að næsta skólaár, er mjög æskilegt að sótt sé um eigi síðar en **föstudaginn 22. maí n.k.** Þeir sem fá skólavist fá tilkynningu í tölvupósti. Aðrar umsóknir fara á biðlista. Ekki verður haft samband við þá umsækjendur sem fara á biðlista en skrifstofan veitir nánari upplýsingar í síma 420-1400 til kl. 16:00 föstudaginn 12. júní.

Skipulag innra námsmats í hljóðfæraleik og söng

Skólaárið sem nú er að líða er annað skólaárið sem við höfum „keyrt“ nýja innra námsmatið okkar. Millipróf nemenda í grunnnámi og miðnámi. Tæknipróf og sjálfstæðir tónleikar nemenda í framhaldsnámi og síðar þ.e. eftir framhaldspróf.

Upplifun nemenda og kennara af þessu fyrirkomulagi er góð og jákvæð, en við erum samt vakandi yfir því að betrubæta, því við teljum að námsmatsaðferðir eigi að vera í stöðugri skoðun og þróun. Við höfum kynnt þetta áður hér í Tónvísi, en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Skipulagið er í stórum dráttum þetta:

Grunnnám – námsmati er skipt í 3 hluta

Fyrsti og annar hluti eru millipróf sem heita **G1** og **G2**. Hvenær í grunnnáminu þessi próf eru tekin, fer eftir því hvernig námið gengur. Þeir sem taka ekki G1 eða G2 á námsári fá ástundunareinkunn og vetrarumsögn frá kennara.

Þriðji hluti er Grunnprófið.

Miðnám – námsmati er skipt í 2 hluta

Fyrri hlutinn er millipróf sem heitir **M1**. Hvenær í miðnáminu prófið er tekið, fer eftir því hvernig námið gengur.

Seinni hlutinn er Miðprófið.

Framhaldsnám og eftir framhaldspróf

Námsmati er skipt upp í 2 hluta. Hvor hluti er tekinn á hverju ári á meðan á námi stendur.

- Tæknipróf** á hverri haustönn. Námsmatið er umsögn.
- Stuttir tónleikar** á hverri vorönn. Námsmatið er umsögn. Nemendur sem taka báða hluta Framhaldsprófs að vori þurfa ekki að halda þessa tónleika.

Framhaldsprófstónleikar

Framundan eru einir framhaldsprófstónleikar, en þeir eru síðari hluti framhaldsprófs og jafnframt burtfarartónleikar frá skólanum. Tónleikarnir verða í Ytri-Njarðvíkurkirkju fimmtudaginn 21. maí kl. 20:00. Öll velkomin. Sjá nánar á tónleikayfirlitinu hér á baksíðu.

Vortónleikar Lúðrasveitar og Gítarsveita

Nú þegar hafa lúðrasveit og gítarsveitir skólans haldið sína vortónleika. Lúðrasveitin hélt tónleika í Stapa þriðjudaginn 5. maí þar sem fram komu allar sveitirnar/deildirnar, A, B og C og Gítarsveitirnar héldu tónleika í Ytri-Njarðvíkurkirkju 7. maí þar sem allar þrjár sveitirnar, A, B og C komu fram. Báðir þessir tónleikar voru glæsilegir að vanda.

Síðasti kennsludagur

Síðasti kennsludagur skólaársins er föstudagurinn 22. maí.

Skólaslit verða í Stapa föstudaginn 29. maí kl. 18:00

Áfangaprófsskírteini verða afhent sem og vitnisburðarblöð vetrarins. Fulltrúi Íslandsbanka mun tilkynna nýjan handhafa **Hvatningarverðlauna** bankans fyrir næsta skólaár og að venju verður áhugaverður tónlistarflutningur. Öll hjartanlega velkomin.



Vortónleikar o.fl. í maí 2026



11. maí	mán.	kl. 17:00 kl. 17:30 kl. 19:30	Vortónleikar Strengjasveita TR í Bergi. Vortónleikar Samspils Eyþórs í st. 102 Vortónleikar Bjöllukóra TR í Bergi.
12. maí	þri.	kl. 16:00 kl. 18:00	Vortónleikar Geirprúðar og Írisar í Bergi. Vortónleikar Þórunnar í Bergi.
13. maí	mið.	kl. 16:30 kl. 17:30 kl. 19:00	Vortónleikar Suzuki-blokkflautunemenda í Bergi. Vortónleikar slagverksnemenda í Bergi. Vortónleikar Léttisveitar TR og Vortónleikar nemenda Alberts í Bergi.
15. maí	fös.	kl. 17:30 kl. 18:30	Vortónleikar nemenda Mariuu í Bergi. Vortónleikar nemenda Alexanders í Bergi.

18. maí	mán.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00	Vortónleikar nemenda Önnu Lilju og Ragnheiðar í Bergi. Vortónleikar nemenda Önnu Lilju og Ragnheiðar í Bergi. Vortónleikar nemenda Germans í Bergi.
19. maí	þri.	kl. 16:00 kl. 17:00 kl. 18:15 kl. 19:30	Vortónleikar nemenda Birgis og Kristins í Bergi. Vortónleikar nemenda Geirþrúðar, Sigrúnar Gróu og Þorvaldar Más í Bergi. Vortónleikar nemenda Aleksöndru í Bergi. Vortónleikar nemenda Birtu Rósar og Bjarma í Bergi.
20. maí	mið.	kl. 16:30 kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00	Vortónleikar nemenda Jónínu í stofu 107. Vortónleikar nemenda Guðríðar í Bergi. Vortónleikar nemenda Halldórs og Steinars í Bergi. Vortónleikar nemenda Söru í Bergi.
21. maí	fim.	kl. 16:00 kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónleikar nemenda Yasney í Bergi. Vortónleikar nemenda Renötu í Bergi. Vortónleikar Söngdeildar í Ytri-Njarðvíkurskirkju. Vortónleikar nemenda Arnars í Bergi Vortónleikar nemenda Gunnars, Jelenu, Rósalindar og Stefáns í Bergi. Framhaldsprófstónleikar í Ytri-Njarðvíkurskirkju. Ösp Birgisdóttir, sópran. Helga Bryndís Magnúsdóttir, meðleikur.
25. maí	mán.	kl. 20:00	Voruppskera Tónvers í Félagsbíói. (Annar í Hvítasunnu)
22. maí 29. maí	fös. fös.	kl. 18:00	Síðasti kennsludagur Skólaslit í Stapa